

Hugrenningar um þjálfun unghunda

Grein eftir **Elwyn Griffith** um hugmyndir hans á mótun unghunda.

Í dag verður unghundurinn okkar 14 mánaða. Á þessum aldri, væru sumir hundar eða tíkur tilbúin fyrir keppni. Bwlch Taff (113243) var Írlandsmeistari undir 15 mánaða aldri. Wiston Cap (31154) vann heimsmeistarakeppnina (the International) undir 2 ára.

Ég tel að efnilegu hundarnir séu tilbúnir þegar þeir eru 14 mánaða. Þeir fyrrnefndu eru auðvitað undantekningar. RJ Hughes Jaff (4313) gerði ekki mikið fyrir en hann var 4 ára.

Samt sem áður, megum við ekki vænta of mikils af 14 mánaða hundinum okkar. Hann ætti að hlaupa fyrir, sirka 200 metra, án nokkurrar skipunar, og fara hinumegin við kindurnar og halda 180 gráðu jafnvægi við smalan. Koma síðan kindunum rólega áfram. Það eru ekki margir hundar sem geta þetta í byrjun. Suma þeirra þarf að stöðva, þegar þeir koma of hratt að kindunum, aðra þarf að kvetja þegar þeir halda sig of fjarri fénu. Ef við erum með unghund sem hefur náttúrulegt vinnulag, erum við mjög lánsöm. Báðar gerði unghundanna sem fyrr var minnst á munu koma til með tímanum en aldrei verða eins góðir og hundurinn með náttúrulega vinnulagið.

Unghundurinn ætti einnig á þessu stigi að geta rekið frá smalanum, en aftur, þurfum við e.t.v. að ganga fyrir aftan hundinn í sumum tilfellum. Mér finnst að ef við höfum tún með hliði efst á hæðinni, gangi unghundinum betur að reka kindurnar um túnið og í gegnum hliðið inn á næsta tún. Þetta gefur hundinum ástæðu eða tilgang með rekstrinum; athugið að við erum að tala um skynsömustu hunda í heimi.

Nú að orðaskipunum og skipunum með flauti. Ég byrja eingöngu með orðaskipanir uns hundurinn er orðinn u.ð.b. 7 mánaða gamall. Þá byrja ég á stopp flautinu og gangtu áfram flautinu. Fyrst gef ég orðaskipun og strax á eftir flautskipunina. Þegar unghundurinn er um 10 mánaða gamall, kenni ég honum hliðarskipanirnar . Aftur er hafður sami háttur á fyrst orðið og strax á eftir flautið. Þetta er eingöngu almenn aðferð og þar sem enginn hundur er eins, eru þeir ekki allir tilbúnir fyrir breytingar á sama aldri.

Takið vel eftir því, þegar þið eruð að þjálfva, hvort að hundurinn sýni merki um áhugaleysi. Um leið og hundurinn nýtur ekki kennslunnar er betra að hætta en að halda áfram. Í næsta skipti er hundurinn ferskari og í betra hugarástandi. Það er mjög slæmt fyrir hundinn ef honum leiðist á meðan þjálfun stendur, við fyrstu einkenni þess er best að hætta strax. Reynið að hafa þjálfunina breytilega - segjum 7 kindur flesta daga en stundum 14 kindur til að gera þjálfunina áhugaverðari fyrir unghundinn.

Ég hef verið spurður um listina að "skynja" kindina. Það er daldið sem ekki er auðvelt að læra. Það kemur með reynslunni. Það getur verið meðfæddur eiginleiki. Með því að geta vitað hvað kindin gerir næst, er hægt að staðsetja hundinn á ákveðnum stað eða gefið honum ákveðna skipun í tíma. Það að geta skynjað kindur snýst um það að búast við viðbrögðum þeirra í tíma - vera aðeins á undan í hugsun.

Eitt af því mikilvægasta þegar fjárhundur er metinn að verðleikum, er "næmni augans" sem hann hefur. Of mikið auga (of næmt auga) þýðir að hundurinn geti "frosið" og ekki unnið rétt þ.e. stoppað í tíma og ótíma. Í verstu tilfellum hreyfist hundurinn hvorki áfram eða til hliðar. Aftur á móti hundur sem hefur of lítið auga mun ekki nálgast kindur óhikað og stöðugt, eða hafa örugt næmi. Þ.a.l. er rétt hlutfall af næmni það mikilvægasta.

Nokkur orð um það þegar hvolpur glefsar í fé. Margir hvolpar 4 til 7 mánaða vilja glefsa í ullina á kindum. Að mínu áliti, ætti að banna það frá byrjun en án þess að vera of harður. Ákveðið "nei ! nei ! " í hvert sinn er nóg, einnig ef hægt er að kalla Á<UR EN hvolpurinn nær taki. Hvolpurinn lærir smátt og smátt að þjálfarinn (sem er besti vinur hans) er ekki ánægður. Góður hvolpur vill geðjast þjálfaranum. Ef hvolpurinn vill enn grípa í þegar hann er 10 mánaða, er hægt að slá stöng með plasti á endanum í jörðina til að stoppa hann. Loka ráðleggingin er að vinna ekki of lengi þegar hvolpurinn er ungur, og gera einungis það sem honum finnst skemmtilegast uns hann er 9 mánaða gamall.

Þýð.: H.J.R.